

um ónæmisaðgerðir.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977—78).

1. gr.

Ónæmisaðgerðir, sem lög þessi tala til, eru bólusetning gegn: 1. barnaveiki, 2. kikhósta, 3. stífkrampa, 4. mænusótt, 5. mislingum, 6. rauðum hundum, 7. berklaveiki, 8. bólusótt, 9. heilahimnubólgu, 10. hettusótt, 11. öðrum sóttum, ef virk ónæmisaðgerð gegn þeim verður kunn og sérstök smithætta er fyrir hendi, 12. enn öðrum sóttum, þegar sérstaklega stendur á, einkum í sambandi við ferðir manna úr landi.

2. gr.

Almenningi skal gefinn kostur á ónæmisaðgerð samkvæmt 1. gr. 1.—5. tl., svo eftir því sem þörf krefur samkvæmt 1. gr. 6.—12. tl., þó samkvæmt 12. tl. aðeins að svo miklu leyti sem því verður við komið.

Ónæmisaðgerðir samkvæmt lögum þessum annast heilsugæslustöðvar.

3. gr.

Þegar ætla má, að sérstakir aðilar eigi öðrum fremur á hættu að sýkjast af hættulegri sótt, (svo sem farmenn á sjó, áhafnir loftfara, lækna, hjúkrunarfolk, sóttgæslumenn, ferðamenn, tollgæslumenn o. s. frv.), er heilsugæslustöð heimilt í samráði við landlækni að gera ráðstafanir til þess, að slíkir aðilar verði bólusettir gegn þeirri sótt, sem um er að ræða.

Þegar mikil sóthætta er yfirvofandi, er heilbrigðismálaráðherra heimilt að fyrirskípa almenna bólusetningu gegn þeirri sótt, sem um er að ræða, og láta hana ná til tiltekinna svæða, eða landsins í heild ef þurfa þykir.

4. gr.

Heilsugæslustöðvar skulu, í samráði við landlækni gera almenningi nægilega kunnugt, hvernig framkvæmdum ónæmisaðgerða samkv. lögum þessum skuli hagað, svo að almenningur eigi hæfilega greiðan aðgang að þeim, eftir því, sem tilhagar á hverjum stað, og hafi af þeim sem fyllst not.

Berklafirlæknir hefur yfirstjórn bólusetningar gegn berklaveiki með höndum og segir fyrir um framkvæmd hennar.

5. gr.

Nú kemur í ljós, að bóluefni, sem notað hefur verið til ónæmisaðgerða, samkv. lögum þessum, hefur verið óvirkt, og skal sú ónæmisaðgerð metin ógerð, og skal hún endurtekin með virku bóluefni, svo fljótt sem við verður komið teljist slíks þörf, eða fari viðkomandi fram á slíkt.

6. gr.

Landlæknir gerir úr garði og lætur heilsugæslustöðvum í té sérstakar skirteinisbækur, ónæmisskirteini. Skal sérhver sá, er leitar ónæmisaðgerðar hjá heilsugæslustöð, hafa slíka bók í höndum, varðveita hana og láta skrá í hana allar ónæmisaðgerðir, er hann gengst undir samkvæmt lögum þessum.

7. gr.

Ekki má ráða starfsfólk að hælum eða öðrum stofnunum, þar sem vistaðir eru sjúklingar, sem þjást af berklaveiki og öðrum alvarlegum smitnæmum sjúkdómum, nema það svari jákvætt við ónæmisprófun, ellegar gangist undir sérstaka ofnæmisbólusetningu, áður en það hefur störf.

Hið sama gildi um starfsfólk rannsóknastofnana, þar sem rannsóknir á smitnæmum sjúkdómum fara fram.

8. gr.

Heilsugæslustöðvar skulu skrá ónæmisaðgerðir samkvæmt lögum þessum í spjaldskrá, enda við því búnar að gefa vottorð þar að lútandi, ef á þarf að halda, svo sem ef ónæmisskirteini glatast. Ónæmisaðgerðir skólalækna skal skrá í nemendaskrá hlutaðeigandi skóla.

Skólayfirlæknir hefur yfirumsjón með bólusetningum í skólum og segir fyrir um framkvæmd þeirra.

9. gr.

Heilsugæslustöðvar skulu í ársskýrslu sinni á þar til gerðu eyðublaði, sem landlæknir lætur í té, gera skýrslu um ónæmisaðgerðir þær, sem framkvæmdar hafa verið í umdæmi þeirra á árinu samkvæmt lögum þessum. Skal skýrslan bera með sér, gegn hverjum sóttum hefur verið bólusett, og hversu margir gegn hverri sótt.

10. gr.

Lyfjaverslun ríkisins annast útvegun bóluefnis til ónæmisaðgerða samkv. lögum þessum.

Kostnaður af framkvæmd ónæmisaðgerða samkv. 1. gr. 1.—11. tl. laga þessara greiðist úr ríkissjóði.

Kostnað vegna framkvæmda ónæmisaðgerða samkvæmt 1. gr. 12. tl. laga þessara greiða hlutaðeigendur sjálfir.

11. gr.

Ráðherra er heimilt að setja reglugrð, þar sem kveðið er nánar á um einstök atriði varðandi framkvæmd laga þessara, þar á meðal um tilhögun hinna einstöku ónæmisaðgerða.

12. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Við gildistöku þessara laga falla úr gildi lög nr. 36/1950 um ónæmisaðgerðir.

A t h u g a s e m d i r v i ð l a g a f r u m v a r p þ e t t a.

Í októbermánuði s.l. fór landlæknir fram á það við heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, að felld yrðu úr gildi ákvæði núgildandi laga um ónæmisaðgerðir, um skyldubólusetningu gegn bólusótt (variola) og að jafnframt yrði gert ráð fyrir heimild til slíkra bólusetninga samkv. ósk viðkomandi. Jafnframt fór landlæknir þess á leit að felld yrðu niður þau ákvæði laganna er sérstaklega snerta kíabólusetningu.

Ástæðan fyrir þessari beiðni landlæknis er sú, að allt frá árinu 1966 hefur Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin háð mjög árangursríka baráttu gegn bólusótt og er svo komið að veikinni hefur að mestu verið útrýmt, þannig að hennar hefur nú eingöngu orðið vart í einstaka tilvikum í afskekktum fjallaþorpum í Afríku, einkum Sómalíu.

Á árintu 1976 felldu flest lönd Norður-Evrópu niður gildandi lagaákvæði um skyldubólusetningu gegn bólusótt. Englendingar og Svíar höfðu nokkru áður fellt þessi ákvæði niður og Bandaríkjamenn einnig.

Hér á landi er sú skoðun almennt ríkjandi hjá heimilislæknum og barnalæknum að nema beri skyldubólusetningu gegn bólusótt úr gildi, en sem stendur er slík bólusetning sú eina, sem skylda ber til að framkvæma samkvæmt ísl. lögum. Sömu aðilar vilja þó viðhalda heimild í lögum til slíkrar bólusetningar, sé slíks óskað. Norsk heilbrigðisyfirvöld hafa boðið Íslendingum 75 000 skammta af bóluefni gegn

kúabólu og er geymsluþol þessa bóluæfnis 2 ár. Ættu þessar birgðir að tryggja vörn ef svo ólíklega vildi til að hingað bærist tilfelli af kúabólu. Eftir tvö ár yrði hins vegar að endurmeta, hvort nauðsyn bæri til að eiga birgðir af bóluæfni.

Núgildandi lög um ónæmissaðgerðir eru frá árinu 1950 og eru á margan hátt óraunhæf í dag. Á þeim árum voru ekki þekkt mótæfni gegn eins mörgum ónæmissjúkdómum og í dag og bera lögin þess glögg merki. Lögin fyrirskipa kúabólusetningu (frumbólusetningu) á hverju barni milli hálfis árs og eins árs aldurs.

Með hliðsjón af því sem hér að framan greinir er ekki lengur nauðsyn á slíkum bólusetningum og má reyndar segja að slíkt sé óæskilegt með hliðsjón af því, að hættan á slíkri sótt er nánast engin, en eftirköst vegna bólusetningar í mörgum tilvikum mjög slæm.

Margar greinar laganna frá 1950 eru tilkomnar eingöngu vegna kúabólusetningar. Með hliðsjón af því að lögin kæmu til með að styttest verulega og breytast við brottfall skyldubólusetningar, ákvað heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið að endurskoða lögin í heild og leggja fram frumvarp til nýrra laga um ónæmissaðgerðir. Er frumvarp þetta ávöxtur þeirrar vinnu og er tilgangur frumvarpsins fyrst og fremst að færa þessi mál í það horf, sem þau eru í nágrannalöndunum.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Hér er kveðið á um það til hvaða sótta ónæmissaðgerðir eigi að ná. Reynt er að telja upp á tæmandi hátt þær sóttir, sem þekktar eru í dag. Jafnframt er gert ráð fyrir að heimilt sé að bólusetja gegn sóttum, verði virk ónæmissaðgerð kunn, og sé fyrir að fara sérstakri smíthættu. Ennfremur er gert ráð fyrir því að bólusetja megi gegn öðrum sóttum, standi sérstaklega á, og er hér einkum tekið mið af ferðum manna úr landi. Með hliðsjón af þættum samgöngum heimsálfa á milli verður að teljast nauðsynlegt að viðhalda þessu ákvæði gömlu laganna.

Um 2. gr.

Hér er gert ráð fyrir því að almenningur geti fengið ónæmissaðgerðir gegn barnaveiki, kikhósta, stífkrampa, mænusótt og mislingum, fari það fram á slíkt. Hið sama gildir um rauða hunda, berklaveiki, bólusótt, heilahimnubólgu, hettusótt og aðrar sóttir, teljist þörf á slíku. Hvað snertir enn aðrar sóttir sbr. 12. tl. 1. greinar skal slíkt aðeins gert, að svo miklu leyti sem því verður við komið.

Hér er ennfremur kveðið á um það að heilsugæslustöðvar skuli annast ónæmissaðgerðir samkvæmt þessum lögum. Í Reykjavík yrði það fyrst um sinn borgarlæknir.

Um 3. gr.

Einstakir hópar manna eiga öðrum fremur á hættu að sýkjast af hættulegri sótt. Má hér nefna dæmi farmenn á sjó, áhafnir loftfara, lækna, hjúkrunarfólk, sóttgæslumenn, ferðamenn, tollgæslumenn og lögreglumenn.

Með hliðsjón af þessu er nauðsynlegt, að heilsugæslustöðvar, að höfðu samráði við landlækni, hafi heimildir til þess að gera sérstakar ráðstafanir, til þess að slíkir aðilar verði bólusettir gegn viðkomandi sótt.

Par sem lög þessi gera ráð fyrir að skyldubólusetning verði nú alfarið felld niður er nauðsynlegt, að heilbrigðismálaráðherra geti fyrirskipað almenna bólusetningu komi upp mikil sóttþætta. Getur hér bæði verið um að ræða svæðisbundna sótt eða sótt er herjar á allt landið og getur ráðherra samkvæmt þessu látið bólusetningaraðgerðir ná til tiltekinnna svæða landsins eða landsins í heild. Hér er um sjálfsagt ákvæði að ræða og þarfnast það reyndar ekki frekari skýringa.

Um 4. gr.

Nauðsynlegt er að fræða almenning sem gerst um framkvæmd ónæmisaðgerða skv. lögum þessum. Heilsugæslustöðvum ber því, í samráði við landlækni, að fræða almenning um þessi mál með það fyrir augum, að almenningur eigi hæfilega greiðan aðgang að ónæmisaðgerðum miðað við aðstæður á hverjum stað, og að slíkar aðgerðir komi almenningi að sem mestum notum.

Við framkvæmd ónæmisaðgerða ber að gæta þess að þjappa fólki sem minnst saman ef sóttin er mjög smitnæm t. d. sé um að ræða heilabólgu.

Hvað snertir berklaveiki sérstaklega er gert ráð fyrir því, að berklayfirlæknir hafi sem hingað til yfirstjórn slíkra bólusetninga með höndum og segi fyrir um framkvæmd hennar.

Um 5. gr.

Hér er kveðið á um það að bólusetja skuli aftur hafi bóluefni reynst óvirkt og að slíkt skuli gert með virku bóluefni svo fljótt sem við verður komið, sé þörf á slíku eða ef viðkomandi fer fram á slíkt. Hér er um að ræða ákvæði til öryggis.

Um 6. gr.

Gert er ráð fyrir því að landlæknir láti heilsugæslustöðvum í té sérstakar skirteinisbækur, ónæmisskirteini. Hver sá aðili, sem leitar ónæmisaðgerðar hjá heilsugæslustöð fær slíka bók í hendur og ber honum að varðveita bókina og láta skrá í hana allar ónæmisaðgerðir, er hann kann að gangast undir samkv. lögum þessum. Ákvæði þetta er efnislega samhljóða ákvæði gömlu laganna og er nauðsynlegt að viðhalda því.

Um 7. gr.

Sé gert ráð fyrir því, að allt starfsfólk á hælum og öðrum stofnunum, þar sem vistaðir eru sjúklingar, sem þjást af berklum og öðrum alvarlegum smitnæmum sjúkdómum, verði við ónæmisprófun að svara jákvætt, ella að gangast undir sérstaka ónæmisbólusetningu, áður en það hefur störf. Hið sama skal gilda um starfsfólk rannsóknastofnana, þar sem rannsóknir á smitnæmum sjúkdómum fara fram.

Nauðsynlegt er að allir þeir, sem starfa á stofnunum eða hælum þar sem vistaðir eru berklasjúklingar, verði bólusettir sérstaklega gegn berklaveiki, hafi þeir ekki svarað jákvætt í berklaprófun. Upp kunna að koma aðrir alvarlegir smitnæmir sjúkdómar, sem nauðsynlegt er að sama regla gildi um. Meta þarf slíkt í hverju einstöku tilviki.

Um 8. gr.

Nauðsynlegt er að þeir aðilar, sem annast ónæmisaðgerðir samkvæmt þessum lögum, þ. e. a. s. heilsugæslustöðvar, skrái í spjaldskrár allar framkvæmdar ónæmisaðgerðir samkvæmt þessum lögum, enda kann til þess að koma að gefa þurfi út vottorð þar að lútandi t. d. hafi ónæmisskirteini glatast. Hvað snertir ónæmisaðgerðir í skólum er nægjanlegt að skrá slíkt í nemendaskrá hlutaðeigandi skóla.

Gert er ráð fyrir því að skólayfirlæknir hafi með höndum yfirumsjón með bólusetningu í skólum og segi fyrir um framkvæmd þeirra.

Um 9. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 10. gr.

Hér er kveðið á um að Lyfjaverslun ríkisins skuli annast útvegum bóluefnis til ónæmisaðgerða samkvæmt þessum lögum. Eðlilegt er að Lyfjaverslunin hafi þetta með höndum, þegar þess er gætt að kostnaður vegna framkvæmda ónæmisaðgerða skal að mestu greiddur úr ríkissjóði.

Kostnaður vegna ónæmisaðgerða greiðist úr ríkissjóði, nema kostnaður við framkvæmd ónæmisaðgerða skv. 1. gr. 12. tl. skal greiddur af hlutaðeigendum sjálfum.

Um 11. gr.

Þar sem ómögulegt er að tiunda á fullnægjandi hátt hin einstöku framkvæmdaratriði, er varða þessi lög, er nauðsynlegt að ráðherra hafi heimild til þess að setja reglugerð um nánari framkvæmd einstakra atriða t. d. um tilhögun einstakra ofnæmisaðgerða.

Um 12. gr.

Þarfnast ekki skýringa.